

5. gr.

Hjólreiðaping fer með æðsta vald í málefnum HRÍ og skal haldið á hverju ári á tímabilinu 1. febrúar til 15. mars. Þingið sitja tilnefndir fulltrúar þeirra hjólreiðafélaga sem mynda sambandið. Hvert félag á minnst tvo fulltrúa á þinginu, mest sjö. Fjöldi fulltrúa fer eftir fjölda iðkenda sem að greitt er fyrir til HRÍ eins og að neðan greinir: 1-50 iðkendur 2 fulltrúar 51-100 iðkendur 3 fulltrúar 101-200 iðkendur 4 fulltrúar 201-300 iðkendur 5 fulltrúar 301-500 iðkendur 6 fulltrúar 501 eða fleiri iðkendur 7 fulltrúar Til þingsing er boðað rafrænt með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Stjórn HRÍ skal kynna félögum HRÍ dagskrá þingsins og önnur málefni sem hún hyggst leggja fyrir það 14 dögum fyrir þing. Málefni, sem fulltrúar hjólreiðafélaga óska að tekin verði til umræðu á þinginu, skulu þeir kynna stjórn HRÍ með 14 daga fyrirvara. Þingið getur þó tekið fyrir mál borin upp á hjólreiðapingi, að fengnu samþykki 2/3 hluta þingfulltrúa. Hjólreiðaping er löglegt ef löglega hefur verið til þess boðað. Dagskrá hjólreiðapings skal vera: a) Þingsetning. b) Kosning þriggja manna í kjörbréfanefnd. Nefndin skal yfir fara kjörbréf og gera grein fyrir störfum sínum áður en dagskrárliður hefst. c) Kosning fyrsta og annars þingforseta. d) Kosning fyrsta og annars þingritara. e) Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína. f) Gjaldkeri leggur fram skoðaða reikninga HRÍ. g) Umræður og atkvæðagreiðsla um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins. h) Ávörp gesta i) Skipað í starfsnefndir þingsins. j) Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfstímabil, ásamt tillögum um félagagjöld og keppnisgjöld. k) Lagðar fram lagabreytingar sem stjórninni hafa borist með löglegum fyrirvara. l) Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar. m) Nefndaálit og tillögur. n) Umræður og atkvæðagreiðsla um lagabreytingar og framkomin mál. o) Önnur mál. p) Álit kjörnefndar. q) Kosning kjörnefndar r) Kosning stjórnar sbr. 10. gr. s) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga. t) Kosning fulltrúa og varafulltrúa HRÍ á Íþróttaping ÍSÍ árið sem Íþróttaping fer fram, skv. lögum ÍSÍ. u) Þingslit.

5. gr.

Hjólreiðaping fer með æðsta vald í málefnum HRÍ og skal haldið á hverju ári **aðra helgina í mars eða eigi síðar en 31 mars.** Þingið sitja tilnefndir fulltrúar þeirra hjólreiðafélaga sem mynda sambandið. Hvert félag á minnst tvo fulltrúa á þinginu, mest sjö. Fjöldi fulltrúa fer eftir fjölda iðkenda sem að greitt er fyrir til HRÍ eins og að neðan greinir:

UEC þing er ávallt haldið fyrstu helgi í mars og er gott að formaður sem er búinn að sitja fari á þingið, ef nýr formaður er kosinn fyrir uec þing er smá vesen að breyta ferðaplönnum. á hinum norðurlöndunum er þeirra þing eftir uec þingið

10. gr

Stjórn HRÍ skal skipuð sjö stjórnarmönnum. Ár hvert skal formaður kosinn sérstaklega til eins árs. Auk þess skulu kosnir þrjár meðstjórnendur til tveggja ára. Kosning skal vera skrifleg sé tillaga þess efnis borin upp fyrir stjórnarkjör og helmingur fulltrúa á hjólreiðaþingi samþykkir tillöguna. Að öðrum kosti skal kosning fara fram með greiddum atkvæðum á þinginu. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Skyldur stjórnarinnar eru: a) að hafa á hendi þær framkvæmdir, sem undir sambandið heyra, b) að sjá um að farið sé eftir viðurkenndum hjólreiðareglum, lögum sambandsins og fyrirmælum hjólreiðaþings og samþykktum formannafundar, c) að setja nauðsynlegar reglur- og reglugerðir um hjólreiðaíþróttina, d) að ákveða stund og stað fyrir hjólreiðaþing, e) að stuðla að og líta eftir opnum mótum, f) að skipa í starfsnefndir strax að loknu hjólreiðaþingi og setja nefndunum erindisbréf, g) að taka ákvarðanir um veitingu heiðursmerkja og heiðurstitla HRÍ. Viðauki, Á þingi 2023 verða kosnir þrjár stjórnarmenn til tveggja ára og einn til eins árs

10. gr

Stjórn HRÍ skal skipuð sjö stjórnarmönnum. Annað hvert ár skal formaður kosinn sérstaklega til tveggja ára. Á hverju ári skulu kosnir þrjár meðstjórnendur til tveggja ára. Kosning skal vera skrifleg sé tillaga þess efnis borin upp fyrir stjórnarkjör og helmingur fulltrúa á hjólreiðaþingi samþykkir tillöguna. Að öðrum kosti skal kosning fara fram með greiddum atkvæðum á þinginu. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Skyldur stjórnarinnar eru: a) að hafa á hendi þær framkvæmdir, sem undir sambandið heyra, b) að sjá um að farið sé eftir viðurkenndum hjólreiðareglum, lögum sambandsins og fyrirmælum hjólreiðaþings og samþykktum formannafundar, c) að setja nauðsynlegar reglur- og reglugerðir um hjólreiðaíþróttina, d) að ákveða stund og stað fyrir hjólreiðaþing, e) að stuðla að og líta eftir opnum mótum, f) að skipa í starfsnefndir strax að loknu hjólreiðaþingi og setja nefndunum erindisbréf, g) að taka ákvarðanir um veitingu heiðursmerkja og heiðurstitla HRÍ. Viðauki, Á þingi 2023 verða kosnir þrjár stjórnarmenn til tveggja ára og einn til eins árs.

Skipunartími formanns í eitt ár er svolítið stuttur tími og legg ég til að á næsta þingi verði formaður kosinn til tveggja ára.